

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2013

Viðbótar umsögn II. frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 469. mál á 141. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) skiluðu inn umsögn dags. 10. desember sl. um ofangreint frumvarp og viðbótarumsögn þann 5. febrúar sl. Síðari umsögnin fól í sér beiðni um frekari frestun á gildistöku á ákvæði sem lögfestir kynjakvóta á stjórnir lífeyrissjóða, sbr. 1. gr. laga nr. 122/2011 sem eru breytingarlög við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Ákvæðið mun að óbreyttu taka gildi þann 1. september n.k. og er svohljóðandi:

Stjórn lífeyrissjóðs skal vera skipuð þremur einstaklingum hið fæsta. Hvort kyn skal eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í lífeyrissjóði skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í lífeyrissjóðum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.

Á vegum LL hefur nú verið gerð lausleg könnun á helstu röksemdum að baki því að örðugt sé fyrir ákveðna sjóði að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um 40% hlutfall hvors kyns. Helstu vankantar í framkvæmd eru eftirfarandi:

- Stjórnir þar sem sæti eiga 4 eða 8 stjórnarmenn er 40% hlutfall í reynd, 50% hlutfall hvors kyns.
- Í 6 manna stjórnnum skapast vandi þar sem tilnefningaraðili skipar ýmist 1 eða 2. Í slíkum tilvikum þarf að semja við aðra tilnefningaraðila eða breyta fjölda stjórnarmanna í 4 eða 8.
- Tilnefningaraðili sem á að tilnefna 3 fulltrúa og tilnefnir 2 og 1 verður væntanlega næst að breyta til og tilnefna 1 og 2 (eftir kynjum). Má leiða að því líkur að starfstími stjórnarmanna í lífeyrissjóðum verði með þessu slitróttari en annars væri. Af því hlýst aukinn kostnaður við hæfismat nýrra fulltrúa og samfella í starfi fulltrúanna verður væntanlega minni.
- Það myndast talsvert flækjustig þar sem margir skipunaraðilar eru að baki stjórnarmönnum. Aðilar yrðu að útbúa samninga um hvernig háttá skuli skiptingu á milli sín um skiptingu á kynjum og tíma í því sambandi.
- Ákvæðið gæti falið í sér fjölgun stjórnarmanna og tíðari skiptingu sem eykur rekstrarkostnað.

- Krafan um 40% hlutfall er afar íþyngjandi fyrir suma sjóði, t.d. fyrir Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga þar sem 99% sjóðfélaga eru konur og 98% félagsmanna í tilnefningaraðilanum, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, eru konur. Sömu sögu er að segja um Sameinaða lífeyrissjóðinn en þar er hlutfall kvenna meðal sjóðfélaga innan við 9%. Í sumum sjóðum eru fjölmennir starfshópar sem eru nánast eingöngu af öðru kyni svo sem sjómenn sem eru í Gildi.
- Ákvæðið hefur veruleg áhrif á það hverjir geta gefið kost á sér til stjórnarsetu.

Eftir fyrrgreinda könnun er nú fallið frá fyrri beiðni um frestun á gildistöku ákvæðisins í óbreyttri mynd en óskað eftir því að bætt verði við ákveðinni undantekningarreglu sem væri til þess fallin að koma til móts við þau sjónarmið sem hér að framan eru rakin. Viðbótarákvæðið gæti verið á eftirfarandi veg:

Við ákvæðið bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar hlutlægar aðstæður leiða til þess að örðugt er að uppfylla kröfur um 40% hlutfall hvors kynsins skal heimilt að fara með hlutfallið neðar en þó aldrei niður fyrir 25% hlutfall hvors kyns.

Í þessu sambandi skal bent á ákvæði sem er að finna í 2. mgr. 15. gr. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en þar er veitt heimild til að víkja frá kröfum um hlutfall hvors kyns við ákveðnar aðstæður. Ákvæðið er svohljóðandi:

Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. másl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Auk framangreinds hefur verið bent á að skipunartími fulltrúa í lífeyrissjóðum sveitarfélaga fylgir kjörtíma til sveitastjórnarkosninga. Stjórnarmenn hafa því setið út kjörtímabil sveitastjórnar. Gildistaka á kynjakvóta á þessa fulltrúa í stjórnnum þann 1. september n.k. koma til með að valda ákveðnu raski á störfum viðkomandi stjórna þar sem aðilar þyrftu að víkja úr stjórnnum á miðju kjörtímabili aðeins vegna kynferðis. Því er lagt til að tekið verði tillit til þessa og sett inn bráðabirgðaákvæði sem kæmi til með að tryggja rétt til setu út áætlaðan kjörtíma.


Ákvæði til bráðabirgða gæti verið á þessa leið:

Fulltrúar í stjórnnum lífeyrissjóða sveitarfélaga eiga rétt til að sitja út skipunartíma sinn óháð skilyrðum um hlutfall hvors kyns í stjórnnum lífeyrissjóða.

Hér að framan hafa ýmis rök verið færð fyrir viðauka við umrætt ákvæði en í þessu sambandi þykir rétt að benda á að nokkuð háværar raddir heyrast um að ákvæðið þyki afar strangt í óbreyttri mynd, einkum út frá stjórnarskrárvörðu félagafrelsi, almennum lýðræðissjónarmiðum, meðalhófi o.fl. Einhugur virðist ríkja meðal lífeyrissjóðanna um

nauðsyn þess að tryggja aðkomu beggja kynja að stjórnnum í lífeyrissjóðum en krafa um 40% hlutfall reynist full hátt í mörgum tilvikum.

Með vísan í framangreindar forsendur er þess óskað að lagðar verði fram breytingartillögur til að koma til móts við þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin en fallið er frá fyrri beiðni um almenna frestun á gildistöku ákvæðisins, sbr. umsögn LL dags. 5. febrúar sl.

Virðingarfyllt
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri